

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014,
Herríðarhóll og Lækjartún, Ásahreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. apríl 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 7,2 ha landbúnaðarsvæði í landi Lækjartúns breytist í 5 ha íbúðarsvæði og 2,2 ha iðnaðarsvæði. Aðkoma verður af þjóðvegi nr. 282, Kálfholtsvegi. Jafnframt breytist 4 ha landbúnaðarsvæði úr landi Herríðarhóls í tvö svæði fyrir frístunda- byggð fyrir allt að 10 lóðir.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Ásahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. apríl 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007